



## Valgreinar í 8. –10. bekk, 2019-2020

### Kynningabæklingur

Þessum bæklingi er ætlað að kynna fyrirkomulag valgreina nemenda í 8., 9. og 10. bekk í Grunnskólanum í Þorlákshöfn skólaárið 2019-2020.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi nemenda í 8.- 10. bekk. Samkvæmt aðalnámskrá er tilgangur með valfrelsi nemenda á unglíngastigi sá að aðlaga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

Hver nemandi í 8. –10. bekk á að hafa 7 kennslustundir af 37 á viku í vali samkvæmt aðalnámskrá. Heimilt er að meta reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu starfi utan skóla. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám utan grunnskóla s.s. nám við framhaldsskóla, listaskóla eða málaskóla. Nemendur geta fengið 2 kennslustundir metnar í vali fyrir slíkt nám og velja þá færri stundir eða 5 á viku. Foreldrar bera ábyrgð á þátttöku nemenda í slíku starfi.

Að þessu sinni velja nemendur smiðjur sem hver um sig er kennd 2 kennslustundir í 9 vikur. Hver smiðja inniheldur fjögur námskeið á jafn mörgum tímabilum og velji nemandi smiðju skuldbindur hann sig til að sækja öll námskeið hennar. Nemendur velja þrjár smiðjur nema þeir sem óska eftir að fá valgrein metna, þeir velja tvær smiðjur.

Mánudagssmiðjur, veljið X eða Y.

<input type="checkbox"/> Smiðjur X
1. tímabil : Ökufræðsla (SB)
2. tímabil: Hraðlestrarnámsk (SH)
3. tímabil: Fjármálafræðsla (SB)
4. tímabil: Nýsköpun (GE)

<input type="checkbox"/> Smiðjur Y
1. tímabil: Gönguf-fjöru-fjalls (BRL)
2. tímabil: Kvikmyndarýni (MK)
3. tímabil: Boltagreinar (BRL)
4. tímabil: Margmiðlun (MK)

Þriðjudagssmiðjur, veljið Z eða Þ.

<input type="checkbox"/> Smiðjur Z
1. tímabil: Skrautskrift (SH)
2. tímabil: Lestrarklúbbur (MK)
3. tímabil: Skapandi skrif (SH)
4. tímabil: Leiklist (MK)

<input type="checkbox"/> Smiðjur Þ
1. tímabil: Mósaiik (AMS)
2. tímabil: Húsgagnasmíði (TB)
3. tímabil: Leirmótun (AMS)
4. tímabil: Tálgað í tré (TB)

Fimmtudagssmiðjur, Æ eða Ö.

<input type="checkbox"/> Smiðjur Æ
1. tímabil: Vísindasmiðja (GG)
2. tímabil: Ljósmyndun (IJ)
3. tímabil: Næring og hollusta (GG)
4. tímabil: Grafísk hönnun (IJ)

<input type="checkbox"/> Smiðjur Ö
1. tímabil: Vöruhönnun (GB)
2. tímabil: Spilaval (MK)
3. tímabil: Litun og þrykk (GB)
4. tímabil: Hlaðvarp/veftímarit (MK)

Auk smiðjuvals velur nemandi eina námsgrein sem hann leggur stund á vikulega í eina kennslustund í heilan vetur. Nemendur velja á milli jóga, kórsöngs, forritunar, styrktarþjálfunar, námstækni og dans. Valgreinin *Hugsað um ungbarn* mun taka eina helgi.

**Nemendur velja eina grein:**

- Jóga (SE)
- Kór (GÁ)
- Forritun (IJ)
- Styrktarþjálfun/Skólahreysti (BRL)
- Dans (ABJ)
- Hugsað um ungbarn (GG og JM)

## Lýsing á valgreinum í smiðjum

### Ökufræðsla

Kennari: Sigrún Berglind Ragnarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Innsýn inn í það sem fylgir bílprófi s.s. umferðarlög, ábyrgð ökumanna, kostnað við að taka bílpróf, eignast og reka bíl.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### Fjármálafræðsla

Kennari: Sigrún Berglind Ragnarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Markmiðið er að auka fjármálalæsi nemenda svo þeir verði upplýstari og meðvitaðri neytendur. Skoðaður verður kostnaður við ýmislegt t.d. að vera unglingur í dag, jólahald og ferðalög. Ýmis hugtök verða skoðuð s.l. persónuafsláttur, stéttarfélag, sparnaður og lífeyrisréttindi.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### Hraðlestrarnámskeið og lesskilningur

Kennari: Sigbrúður Harðardóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Áhersla lögð á lestrartækni til að auka hraða í lestri. Einnig verður lesskilningur efldur. Ýmsir textar og verkefni lögð fyrir.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### Nýsköpun og frumkvöðlafræði

Kennari: Guðlaug Einarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Heimurinn er fullur af áskorunum sem bíða þess eins að við leysum þær á skapandi, skemmtilegan og hugmyndaríkan hátt. Í nýsköpun og frumkvöðlafræði förum við í svokallaða „uppfinningaferð“ og lærum vinnsluferli í anda nýsköpunar. Finnum hugmyndir að einhverju sem gæti bætt lífið okkar, gert heiminn að betri stað eða finnum upp eitthvað

glænýtt og skemmtilegt. Þitt áhugasvið ræður ferðinni og þú vinnur því með þínar eigin hugmyndir, útfærir og hannar eftir þínu höfði.  
Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Gönguferð frá fjöru til fjalls**

Kennari: Bjarni Rúnar Lárusson

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Lögð verður áhersla á hreyfingu utandyra. Farið verður í lengri og styttri göngur t.d. í Reykjadal, Geitafell og í fjöruferð. Að auki verður áhersla á sund og hjólreiðar. Nemendur þurfa að eiga gönguskó og hafa aðgang að reiðhjóli. Þá verður nemendum kynnt hvaða búnaður og reglur eiga við í fjallgöngum, hjólaferðum o.s.frv.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Boltagreinar**

Kennari: Bjarni Rúnar Lárusson

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Farið verður yfir allar helstu boltagreinar sem spilaðar eru hér á landi. Reglum og grunnatriðum greinanna verða gerð góð skil svo nemendur öðlist dýpri skilning á íþróttinni og geti beitt sér rétt í leik.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Kvikmyndarýni**

Kennari: Magnþóra Kristjánsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Skoðaðar verða nokkrar tegundir kvikmynda frá ýmsum tímum og þær greindar og unnin um þær verkefni. Farið yfir mismunandi stefnur í kvikmyndagerð og hvernig kvikmyndir geta haft áhrif á samfélagið.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Margmiðlun og snjalltæki**

Kennari: Magnþóra Kristjánsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Kynning á fjölda forrita sem hægt er að nota í daglegu lífi og námi. Lögð áhersla á að efla hæfileika hvers og eins, skapa, uppgötva, hanna, setja fram nýjar hugmyndir og nýta tæknina á jákvæðan hátt. Læra fjölbreyttar aðferðir við að koma frá sér frambærilegu efni með notkun tækninnar. Nemendur koma með hugmyndir að verkefnum og tengja við sín áhugasvið. Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Skrautskrift**

Kennari: Sigprúður Harðardóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Kennsla í snyrtilegri rithönd og skrautskrift. Unnið verður að ýmsum skreytingaverkefnum t.d. tækifæriskortum, nafnspjöldum og fl. Nemendum verður kennt að nota sniðpenna og ýmis áhöld til þess að skrifa og skreyta með.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Lestrarklúbbur**

Kennari: Magnþóra Kristjánsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Nemendur lesa tvær skáldsögur á önninni - eina íslenska að eigin vali og eina erlenda af lista hjá kennara. Kynna sér höfund bókarinnar og halda lestrardagbók ásamt því að hitta hópinn í hverri viku og ræða um lesturinn.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Skapandi skrif**

Kennari: Sigprúður Harðardóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Nemendum kennd undirstöðuatriði í persónulegum skrifum og að koma hugsun sinni á framfæri. Skoðuð verða mismunandi form ritaðs máls (smásögur, ljóð, greinar og skrif á samfélagsmiðla) og nemendur reyna að finna sína leið til að tjá sig í rituðu máli. Nemendur miðla skrifum sínum ef þeir eru tilbúnir til þess.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Leiklist**

Kennari: Magnþóra Kristjánsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Leiklistarþjálfun í formi æfinga og leiklesturs til að efla sjálfstraust, virkni, framkomu og leikræna tjáningu. Spunaleikir til að virkja skapandi hugsun og samvinnu í hóp. Stuttir leikþættir æfðir.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Mósaik**

Kennari: Anna Margrét Smáradóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Nemendur öðlast færni í að beita þeim verkfærum sem notuð eru þegar unnið er með mósaik. Nemendur vinna í skissubækur og útfæra hugmyndir sínar. Eitt samvinnuverkefni verður unnið á tímabilinu, samhliða verkefnum sem nemendur velja sér sjálfir.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Leirmótun**

Kennari: Anna Margrét Smáradóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Nemendur læra grunntækni við meðferð leirs og að forma nytjahluti, lágmyndir og þrívíð verk með mismunandi aðferðum. Þeir fræðast um mismunandi bræðslumark leirtegunda og glerunga, leirlím og réttar aðferðir við þurrkun og frágang.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Húsgagnasmíði**

Kennari: Torfi Hjörvar Björnsson

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Lögð megináhersla á smíði nýtsamlegra húsgagna, s.s. stóla, náttborða o.fl. Nemendur koma með hugmyndir eða finna þær á t.d. Pinterest og teikna, hanna og smíða með aðstoð kennara.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

## **Tálgað í tré**

Kennari: Torfi Hjörvar Björnsson

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Kennnd eru grunnatriði við útskurð í tré, beiting útskurðarjána og viðhald bits í þeim. Kynnt eru efni og áhöld, farið í mikilvægi teikninga og kennt hvernig færa á mynstur af teikningu yfir á tré.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

## **Vísindasmiðja**

Kennari: Garðar Geirfinnsson

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Hvað gerist þegar við blöndum ólíkum efnum saman? Getum við framleitt rafmagn? Hvernig virkar þurrís? Í Vísindasmiðjunni munum við gera ýmsar tilraunir og rannsóknir sem hjálpa okkur að skilja betur heiminn í kringum okkur og efla áhuga á undrum vísindanna.

Kennslan verður að langmestu leyti verkleg.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

## **Næring og heilsa**

Kennari: Garðar Geirfinnsson

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Vilt þú ná betri árangri í leik og starfi? Hvort sem um er að ræða nám, vinnu eða áhugamál þá skiptir rétt næring og heilbrigðir lífshættir miklu máli.

Farið verður í hvað er æskilegt að við borðum, settur saman ótrúlega bragðgóður en hollur matur, rannsökuð hvað er í matnum sem við erum að kaupa auk þess sem við skoðum hvaða áhrif svefn og hreyfing hafa á líf okkar.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

## **Ljósmyndun**

Kennari: Ingvar Jónsson

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Markmið áfangans er að nemendur læri á ljósmyndavélina sjálfa auk þess að vinna með helstu reglur í uppbyggingu rammans, lýsingu, liti o.fl. í gegnum þemaverkefni sem hæfa áhugasviði nemenda. Notast verður við myndavélar og snjalltæki skólans auk þess sem nemendur geta notað sín eigin tæki. Notast verður við námsefnið Stafræn ljósmyndun eftir Karl Jeppesen og Marteinn Sigurgeirsson.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

## **Grafísk hönnun**

Kennari: Ingvar Jónsson

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Lýsing: Markmið áfangans er að nemendur öðlist grunnþekkingu og færni í að koma frá sér upplýsingum á sjónrænan hátt. Nemendur fá tækifæri til að nýta tæknina m.a. í tví og þrívíddar myndvinnslu, plakata og bæklingagerð og hugsanlega þrívíddarprentun. Notast verður við hin ýmsu forrit s.s. Sketchup, Inkscape, Serif o.fl.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

## Vöruhönnun

Kennari: Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Nemendur kynna hönunarferlinu frá hugmynd og þangað til þeir eru búnir að fullklára hlut. Nemendur byrja á hugmyndaspjaldi og vinna svo hlutinn út frá því. Hlutir sem hægt er að hanna: Ofnhanski, innkaupapoki, karfa, pennaveski og fl.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

## Spilaval

Kennari: Magnþóra Kristjánsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Kynning á spunaspilum eins og D&D o.fl. Spilarar skapa persónurnar eftir settum reglum og nota svo ímyndunaraflíð til að stýra þeim í gegnum spil innan marka reglnanna.

Byggist á samskiptum á milli spilara. Kynning á fleiri borðspilum og spilum almennt.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

## Litun og þrykk

Kennari: Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Nemendur kynna ýmsum aðferðum við að lita og þrykkja myndir á efni. Nemendur búa til vinnubók þar sem þeir safna saman verkefnum. Saumuð verður ein flík eða hlutur.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

## Hlaðvarp / vef tímarit

Kennari: Magnþóra Kristjánsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kst. í 9 vikur

Lýsing: Í þessu námskeiði kynna nemendur hlaðvarpsforminu ásamt vef tímaritsgerð. Nemendur læra að afla sér upplýsinga um ákveðin málefni og miðla sögu með hjálp tónlistar, viðtala og almennrar söguuppbyggingar. Markmið námskeiðsins er að nemendur finni sína rödd og geti miðlað sögum eða upplýsingum á markvissan og skemmtilegan hátt öðrum og sér til ánægju.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

## Lýsing á öðrum valgreinum

Nemandi velur á milli jóga, kórsöngs, forritunar, styrktarþjálfunar, námstækni og dans sem hann leggur stund á vikulega í eina kennslustund allan veturinn. Valgreinin *Hugsað um barn* tekur rúma 2 sólarhringa sem jafngildir einni stund á viku.

## Jóga

Kennari: Sóley Einarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 kst. í heilan vetur.

Lýsing: Jóga- og öndunaræfingar, hugleiðsla og slökun geta m.a. dregið úr kvíða, bætt einbeitingu og róað hugann. Jóga eflir persónulega tengingu við okkur sjálf. Í valgreininni munu nemendur gera léttar jóga- og öndunaræfingar, prófa hugleiðslu og í lok hvers tíma er farið í slökun. Einnig verða gerð ýmis verkefni sem tengjast sjálfsmynd, samkennd og þakklæti. Sé jóga stundað reglulega getur það gefið okkur aukinn liðleika og styrk, betri

einbeitingu, sterkari sjálfsmýnd, gleði og ró. Hámarksfjöldi 10 nemendur.  
Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Skólakór**

Kennari: Gestur Áskelsson og Sigríður Kjartansdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 kst. í heilan vetur.

Lýsing: Hefðbundin kóralög í bland við nýrri tónlist sungin. Nemendur fá tækifæri til að æfa söng í hljóðnema og raddaðan söng.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Forritun**

Kennari: Ingvar Jónsson

Kennslustundafjöldi: 1 kst. í heilan vetur.

Lýsing: Nemendur læra um undirstöðuatriði forritunar og vinna einföld forritunarverkefni. Í forrituninni verður notast við forritin Scratch, Touch develop, Minecraft o.fl. Unnin verða skipulögð og frjáls verkefni í Minecraft sem reyna á sköpun, rýmisgreind og útsjónarsemi.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Styrktarþjálfun / skólahreysti**

Kennari: Ingibjörg S Sæmundsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 kst. í heilan vetur.

Lýsing: Styrktarþjálfun er mikilvægur þáttur í íþróttum og annarri líkamlegri hreyfingu fyrir ungt fólk. Sýnt hefur verið fram á að ávinningur styrktarþjálfunar hjá börnum og unglingum er mikill og má þar nefna jákvæð áhrif á hjarta- og æðakerfi, beinþéttni, andlega þætti og góð langtímaáhrif á heilsu. Valgreinin gagnast öllum nemendum og líka þeim sem vilja undirbúa sig fyrir þátttöku í Skólahreysti.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Dans**

Kennari: Anna Berglind Júlísdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 kst. í heilan vetur.

Lýsing: Í dansi verður lögð áhersla á sköpun og freestyle dans. Nemendur semja dansa saman og læra grunnspor í freestyle dansi og nútíma dansi. Hópurinn kemur fram á danssýningu skólans að vori.

Námsmat: Virkni, áhugi, frumkvæði og þátttaka.

### **Hugsað um ungbarn**

Umsjón: Garðar Geirfinnsson og Jónína Magnúsdóttir

Lýsing: „Hugsað um ungbarn“ er jafnréttis- og forvarnarverkefni ætlað unglingum óháð kyni.

Um er að ræða grunnfræðslu til að styrkja foreldra framtíðarinnar í umönnun ungbarna.

Fræðslan tekur á ábyrgð, ákvarðanatöku, samskiptum og sjálfsmýnd í tengslum við foreldrahlutverkið.

Nemendur fá ungbarnahermi með sér heim og fá reynslu af því að annast „ungbarn“ í 2 sólarhringa. Þeir þurfa að finna út hverjar þarfir ungbarnsins eru. Þessi reynsla felur í sér tækifæri til að læra um umönnun ungbarna, gera mistök og leiðrétta þau án þess að það hafi áhrif á raunverulegt barn.

Námsmat: Sjálfsmat

**Athugið!**

Skólinn áskilur sér rétt til að fella niður þær valgreinar sem ekki ná lágmarksfjölda nemenda, einnig ef breyting verður á kennslutilhögun. Til þess að valgrein geti orðið að veruleika þurfa að lágmarki 7 nemendur að velja þá grein.